

REGLUR

um framkvæmd og lok frjálsrar skráningar vegna fólksflutninga innanlands.

1. gr.

Aðilar sem hafa með höndum fólksflutninga innanlands og skráðir eru skv. reglugerð nr. 170/1993, um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga, skulu frá gildistöku reglna þessara innheimta útskatt skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, þar til skráningu lýkur.

2. gr.

Aðili sem skráður er frjálsri skráningu skv. reglugerð nr. 170/1993 getur samkvæmt almennum ákvæðum laga nr. 50/1988 og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, talið til innskatts þann virðisaukaskatt sem á gildistíma skráningarinnar fellur á kaup hans á vörum og þjónustu er varða umrædda starfsemi.

3. gr.

Skattstjóri skal fella niður frjálsa skráningu hjá aðila sem um ræðir í 1. gr. í eftirfarandi tilvikum:

- a. Þegar skráður aðili óskar eftir því við skattstjóra. Hann skal tilkynna skattstjóra það í því skattumdæmi þar sem hann er heimilisfastur 14 dögum áður en næsta uppgjörstímabil hefst. Skattstjóri skal taka aðila af skrá þegar uppgjörstímabilinu, sem er að líða þegar beiðni berst, lýkur.
- b. Þegar álagður útskattur alls er orðinn jafnhár eða hærri en heildarinnskattur hjá aðila á tímabili skráningar.
- c. Fimm árum frá fyrsta degi fyrsta uppgjörstímabils þegar tilvik skv. a. og b. eiga ekki við.

Skattstjóri skal halda skrá yfir skil aðila. Eftir síðustu skil, sbr. 1. mgr., skulu teknar saman heildarfjárhæðir útskatts og innskatts á því tímabili sem aðili hefur notið frjálsrar skráningar skv. reglugerð nr. 170/1993.

Sé útskattur hærri en innskattur við heildaruppgjör, sbr. 2. mgr., skal mismunurinn endurgreiddur viðkomandi aðila á næsta reglulegum gjalddaga virðisaukaskatts. Sé innskattur hins vegar hærri en útskattur skal aðili skila mismuninum í ríkissjóð á næsta reglulegum gjalddaga virðisaukaskatts.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og gilda frá 1. maí 1994 til 31. desember 1998.

Fjármálaráðuneytið, 8. mars 1994.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.